

STARFSLEYFI

Péttbært eldi varphænsna

Nesbúegg ehf.

Starfsemi:	Péttbært eldi varphænsna
Leyfisnúmer:	UOS-2026-L019-01
Rekstraraðili:	Nesbúegg ehf.
Kennitala rekstraraðila:	711203-2140
Staðsetning:	Vatnsleysuströnd
Sveitarfélag:	Vogar
Umfang:	65.000 varp- og unghænur
Málsnúmer:	UOS2509082
Gildir til:	30. apríl 2042

1 Almenn ákvæði

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Nesbúegg ehf., kt. 711203-2140, fyrir þéttbæru eldi varphænsna að Vatnsleysuströnd, 190 Vogum. Nesbúegg ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að reka eggjabú með stæði fyrir allt að 65.000 varp- og unghænur.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggð á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun eða álit um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvað skuli gert við fugla á búinu og hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að hráefni sem tilheyra rekstrinum séu ekki skilin eftir á svæðinu.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Brunavörnum Suðurnesja viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri búsins.

Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðhöndlun fugla og úrgangs þann tíma sem eggjabúið er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega. Áætlunin skal samþykkt af eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megji út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breyting verður á bestu aðgengilegu tækni sem gerir það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögnum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnaráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 Starfshættir

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsvenjum¹ og góðum búskaparháttum sem draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið, þ.m.t. varðandi starfshætti, fóðrun, lykt og alla meðferð úrgangs og förgun svo og að draga úr losun efna út í umhverfið eins og kostur er.

Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Beita skal bestu aðgengilegu tækni við að takmarka losun frá starfseminni með aðferðum sem samræmast BAT-niðurstöðum fyrir alifugla, sjá nánar í gr. 3.1.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu

¹ BAT 2, sbr. gr. 3.1.

starfsleyfis. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila² (sjá gr. 2.5).

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á starfsstöðinni og skal starfsfólk fá kynningu á ákvæðum starfsleyfisins.³

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur.

Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

2.4 Verkstjórn og umgengni um athafnasvæði

Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði.⁴ Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis eða hættu fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hætta af starfsemi.

² BAT 1, sbr. gr. 3.1.

³ BAT 1 liður 4. a), b), c) og d), sbr. gr. 3.1.

⁴ BAT 2, sbr. gr. 3.1.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi.⁵ Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS), eða annað kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi í BAT-niðurstöðum.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfsvöktun. Umhverfisstjórnunarkerfið skal fela í sér áætlun um lyktarstjórnun og einnig áætlun um hávaðastjórnun sé búist við hávaðaóþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau verið sönnuð.⁶

Rekstraraðila er heimilt að aðlaga umhverfisstjórnunarkerfið að stærð, umfangi og flækjustigi rekstrarins og þeim umhverfisáhrifum sem hann kann að hafa.⁷ Umhverfisstjórnunarkerfið skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfis- og orkustofnunar. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsfólki á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

⁵ BAT 1, sbr. gr. 3.1.

⁶ BAT 1, t.l. 10 (BAT 9) og t.l. 11 (BAT 12), sbr. gr. 3.1.

⁷ Heimild til að aðlaga kröfur á þennan hátt kemur fram í BAT 1, sbr. gr. 3.1.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megji aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 Varnir gegn mengun ytra umhverfis

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir, sbr. b. lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og

nýta vel orku⁸ og vatn.⁹ Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni fyrir þéttbært eldi alifugla hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Intensive Rearing of Poultry or Pigs“, 2017 og BAT-niðurstöðum vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína.¹⁰

BAT-niðurstöður eru m.a. aðgengilegar á íslensku á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

Númeraðar BAT kröfur í megintexta og neðanmálsgreinum í þessu starfsleyfi vísa í þessa framkvæmdarákvörðun.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við BAT-niðurstöður.

Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

3.2 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsfólk hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við starfsemina til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgang frá búinu, skal flytja reglulega til meðhöndlunar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Þessar kvittanir skulu aðgengilegar eftirlitsaðila.

⁸ BAT 8, sbr. gr. 3.1.

⁹ BAT 5, sbr. gr. 3.1.

¹⁰ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2017/302 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.

3.3 Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni.¹¹ Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi.¹² Hávaði við lóðamörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.4 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6.

3.5 Hráefni og eldsneyti

3.5.1 Móttaka og geymsla hráefna

Við móttöku hráefna skal gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu eða skemmist. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli.

Rekstraraðili er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Engin mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt þannig að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir séu tryggðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð.

Geyma skal dýrahæ í vel lokuðu geymslurými, t.d. lekaheldum gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé flutt af svæðinu. Ekki má geyma aukaafurðir dýra í langtímageymslu utan lóðar án leyfis Umhverfis- og orkustofnunar.

¹¹ BAT 10, sbr. gr. 3.1.

¹² BAT 9, sbr. gr. 3.1.

3.5.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt til þess að draga úr heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni í húsdýraáburði,¹³ t.d. með fóðursamsetningu og næringaráætlun. Einnig skal við val á fóðri gera ráðstafanir vegna mögulegra áhrifa fóðursamsetningar á lyktarmyndun, t.a.m. prótíninnihald.

Heildarmagn köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) sem er losað sem úrgangsefni í húsdýraáburði skal mælt og/eða metið¹⁴ og skal losun vegna varphænsna **ekki vera meiri en 0,8 kg N/stæði fyrir varphænur/ári¹⁵ og 0,45 kg P₂O₅/stæði fyrir varphænur/ári.¹⁶**

3.6 Loft

3.6.1 Rykmengun

Rykmengun skal haldið í lágmarki með því að nota þá tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum.¹⁷ Varast skal að ryk safnist upp við lofttúður eldishúsa.

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 817/2002, um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti, við eldishús innan marka byggingarreits skv. deiliskipulagi.

Hönnun nýrra eldishúsa skal vera slík að hægt sé að bæta við lofthreinsunarkerfi til að ná markmiðum losunar, dugi aðrar ráðstafanir rekstraraðila ekki til lágmarkunar á losun ryks, ammoníaks og/eða lyktar, sbr. gr. 3.6.2.¹⁸

3.6.2 Lyktarmengun

Rekstraraðili skal halda lyktarmengun frá búinu í lágmarki.¹⁹ Notast skal við sambland þeirrar tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum til að koma í veg fyrir eða lágmarka lyktarmengun og losun ammoníaks.²⁰

Gera skal ráðstafanir svo að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir sem berast frá búinu, valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi og/eða utan jarðamarka landeigna Nesbúeggja ehf. (landnr. L130850 og L130851).

¹³ BAT 3 og BAT 4, sbr. gr. 3.1.

¹⁴ BAT 24, sbr. gr. 3.1.

¹⁵ Tafla 1.1 í BAT 3, sbr. gr. 3.1.

¹⁶ Tafla 1.2 í BAT 4, sbr. gr. 3.1.

¹⁷ BAT 11, sbr. gr. 3.1.

¹⁸ BAT 11c, BAT 13d og BAT 31c, sbr. gr. 3.1.

¹⁹ BAT 13, sbr. gr. 3.1.

²⁰ BAT 13, BAT 14 og BAT 31, sbr. gr. 3.1.

Rekstraraðili skal vera með áætlun um lyktarstjórnun sbr. gr. 2.5.²¹ Verði lyktarópægingdatilvik getur eftirlitsaðili farið fram á við rekstraraðila að vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.²²

Séu ráðstafanir rekstraraðila til lágmörkunar lyktarmengunar ófullnægjandi að mati Umhverfis- og orkustofnunar getur eftirlitsaðili krafist rekstraraðila um viðbótaraðgerðir í samræmi við BAT-niðurstöður, t.a.m. lofthreinsunarkerfi.

Við byggingu nýrra húsa skal rekstraraðili fara eftir fjarlægðum eldishúsa við mannabústaði, útivistarsvæði og vinnustaði skv. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Heildarlosun ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft frá hverju varphænsnahúsi skal mæld og/eða metin²³ og **ekki vera meiri en 0,13 kg NH_3 /stæði/ári fyrir varphænur ekki í búrum.**²⁴

3.7 Vatn

3.7.1 Frárennsli

Frárennsli skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1450/2025, um fráveitur og skólphreinsun og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Meðhöndlun frárennslis frá starfseminni skal vera skv. BAT-niðurstöðum.²⁵

Niðurföll í eldisrymum skulu vera lokuð á eldistíma og aðeins opnuð þegar lokið er við útmokstur svo lágmarka megi þann lífræna úrgang sem berst í hreinsivirki.

Við þrif á eldishúsum og pökkunarrými skal leiða frárennslisvatn í rotþró og siturlögn. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal einnig leitt í rotþró og siturlögn.

Ómengað ofanvatn, sem ekki kemst í snertingu við húsdýraáburð eða önnur mengandi efni skal ekki leitt í rotþró. Þar sem við á skal nýta blágrænar ofanvatnslausnir. Ef hættu er á að ofanvatnið sé mengað skal það hreinsað með viðeigandi hætti áður en það er losað í viðtaka.

Seyru skal tæma reglulega úr rotþró af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi/tilskilin réttindi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar eða förgunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

²¹ BAT 12, sbr. gr. 3.1.

²² BAT 26, sbr. gr. 3.1.

²³ BAT 25, sbr. gr. 3.1.

²⁴ Tafla 3.1 í BAT 31, sbr. gr. 3.1.

²⁵ BAT 6 og BAT 7, sbr. gr. 3.1.

3.7.2 Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur

Öll meðhöndlun húsdýraáburðar á búinu, þar með talin geymsla, vinnsla og dreifing hans, skal vera í samræmi við reglugerð nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, og skilyrðum í BAT-niðurstöðum. Öllum húsdýraáburði skal safnað saman á þann hátt að mengun hljótist ekki af.

Dreifa skal húsdýraáburði skv. skilyrðum í BAT-niðurstöðum,²⁶ reglugerð nr. 804/1999 og taka skal einnig mið af starfsreglum um góða búskaparhætti.

Heimilt er að fela þriðja aðila dreifingu húsdýraáburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir starfsreglum um góða búskaparhætti. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að þeim samningum. Framsal rekstraraðila til þriðja aðila fírrar hann þó ekki ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli húsdýraáburðinn ekki í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti.

Á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta húsdýraáburð beint til áburðar, og honum ekki komið til þriðja aðila til dreifingar, skal hann geymdur í viðurkenndri hauggeymslu sem rúmar a.m.k. 6 mánaða birgðir af húsdýraáburði skv. reglugerð nr. 804/1999 og BAT-niðurstöðum.²⁷

Hauggeymsla skal vera þétt og hindra fok húsdýraáburðar eins og kostur. Frárennsli frá hauggeymslu fyrir þurran húsdýraáburð skal leitt í rotþró og siturlögn eftir útfærslu rekstraraðila í samræmi við BAT-niðurstöður.²⁸ Við losun húsdýraáburðar úr hauggeymslu skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi ár, læki eða jarðveg utan skilgreinds dreifingarsvæðis húsdýraáburðar.

Húsdýraáburður sem nýttur er til dreifingar á land fellur utan gildissviðs laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. b. lið 3. mgr. 2. gr. Húsdýraáburður fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Ef nauðsynlegt reynist að færa húsdýraáburðinn í brennslu, til urðunar eða notkunar í lífgas- eða myltingarstöð þá skilgreinist húsdýraáburðurinn sem úrgangur og skal meðhöndlaður skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3.7.3 Vatnamál

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir þau. Reksturinn, þ.m.t. meðhöndlun húsdýraáburðar, má ekki valda því að ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota,

²⁶ BAT 20 og BAT 22, sbr. gr. 3.1

²⁷ BAT 14 og BAT 15, sbr. gr. 3.1

²⁸ BAT 15, sbr. gr. 3.1

eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun.

3.8 Annað

3.8.1 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að búinu.

Staðsetning og aðstaða til haugvinnslu, sbr. gr. 3.7.2, skal vera varin eftir fremsta megni til að hindra aðkomu fugla og meindýra með virku meindýraeftirliti. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

4 Innra eftirlit og mælingar

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- a) fjöldi fugla á hverjum tíma (aðfluttra og fráfluttra, þ.m.t. þá sem fæðast og deyja) sbr. BAT 29,
- b) fóðurgerð og fóðurnotkun sbr. BAT 29,
- c) vatnsnotkun, raforkunotkun og eldsneytisnotkun sbr. BAT 29,
- d) magn og gerð hreinsiefna og sóttgreinsiefna sem notuð eru á búinu,
- e) magn húsdýraáburðar sem myndast sbr. BAT 29,
- f) dreifingu húsdýraáburðar: Dagsetningar, staðsetningu, magn og vindátt,
- g) þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4,
- h) viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- i) bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- j) mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- k) prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- l) teikningar af frárennsli,
- m) allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- n) magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
- o) magn og gerð efnis sem sent er til spilliefnamóttöku,
- p) kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- q) niðurstöður mats og/eða mælinga skv. gr. 4.2.

4.2 Mælingar og skýrslur til eftirlitsaðila

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Árlega skal skv. BAT-niðurstöðum mæla og/eða meta:

- Heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs í húsdýraáburði²⁹ (sbr. gr. 3.5.2),
- rykmengun frá eldishúsum,³⁰
- losun ammoníaks við eldihús³¹ (sbr. gr. 3.6.2).

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla.

Umhverfis- og orkustofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til umhverfisupplýsinga ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.3 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 990/2008 um umhverfisupplýsingar.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfis- og orkustofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 Umhverfisvöktun

5.1 Vöktunarmælingar

Umhverfis- og orkustofnun getur farið fram á við rekstraraðila að hann standi fyrir eða taki þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni búsinns eða dreifingarstaða húsdýraáburðar og leggi fram vöktunaráætlun. Slík áætlun skal vera í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur.

²⁹ BAT 24, sbr. gr. 3.1

³⁰ BAT 27, sbr. gr. 3.1

³¹ BAT 25, sbr. gr. 3.1

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Umhverfis- og orkustofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

6 Flokkun starfsemi og gjaldskylda

Starfsemin þessi fellur undir a-lið 6.6 í viðauka I laga nr. 7/1998 og a-lið 6.6 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar.

7 Gildistaka

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 2042.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef hann hyggst halda rekstrinum áfram að liðnum gildistíma leyfisins.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 30. apríl 2026

Umhverfis- og orkustofnun

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Viðauki A Yfirlit yfir skil

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 2.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að framkvæma skuli árlegar mælingar og/eða mat, óháð því hvort losunarmörk séu skilgreind. Losunarmörk, þar sem þau eiga við, eru tilgreind í gr. 3.5.2 og 3.6.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Viðauki B Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis Nesbúeggja ehf., Vatnsleysuströnd.

B.1 Almenn

Nesbúegg ehf. að Vatnsleysuströnd sótti um endurnýjun á starfsleyfi þann 3. júní 2025. Sótt var um starfsleyfi fyrir 65.000 varphænur, þ.e. sama fjölda og í fyrra starfsleyfi. Fyrra starfsleyfi var gefið út af heilbrigðisnefnd Suðurnesja þann 6. maí 2013 og gildi til 6. maí árið 2025.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 20. mars 2026 til og með 20. apríl 2026. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 20. mars 2026. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, á sveitarfélagið Voga og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

B.2 Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Nesbúegg ehf. hefur verið með eggjaframleiðslu að Vatnsleysuströnd síðan árið 1971. Starfsemin hefur ekki undirgengist mat á umhverfisáhrifum en þar sem ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd þá er leyfisveitingin ekki háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

B.3 Áhrif á vatn

Í 22. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir að um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Eggjabú Nesbúeggja ehf. að Vatnsleysuströnd er innan grunnvatnshlotsins Reykjanes (104-263-G) en jörð í eigu eggjabúsins liggur einnig upp að strandsjávarhlotinu Hafnir að Gróttu (104-1382-C).

Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins eru að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið strandsjávarhlotsins er að vera í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlotanna eru lagalega bindandi og ástandi þeirra má ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Í gr. 3.7.3 í starfsleyfinu kemur fram að reksturinn megi ekki valda því að ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki.

Ekki var óskað eftir því að rekstraraðili myndi meta áhrif starfseminnar á vatnshlot þar sem starfsleyfið gerir ekki ráð fyrir losun í vatn. Í gr. 5.1 í starfsleyfinu er hins vegar ákvæði sem kveður á um að stofnunin geti farið fram á vöktun ef þörf krefur.

B.4 Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

B.5 Breytingar frá auglýstri tillögu

Ekki hafa verið gerðar efnislegar breytingar frá auglýstri tillögu aðrar en lagfæringar á stafsetningu, orðalagi og vísan í lög og reglugerðir.

B.6 Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir Nesbúegg ehf. að Vatnsleysuströnd, 190 Vogum. Umhverfis- og orkustofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.